

## HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2012:

### I. Íslenskir ríkisborgarar.

#### 1. janúar 2012:

Arnar Jónsson leikari, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar.

Eymundur Magnússon bóndi, Vallanesi, riddarakross fyrir frumkvæði á sviði búskaparháttá og matvælamenningar.

Friðrik Ásmundsson, fyrrverandi skipstjóri og skólastjóri, Vestmannaeyjum, riddarakross fyrir framlag til öryggis sjómanna og menntunar skipstjórnarmanna.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til uppbyggingar atvinnulífs á heilbrigðissviði.

Hafsteinn Guðmundsson, fyrrverandi forstöðumaður, Keflavík, riddarakross fyrir forystu á vettvangi íþróttastarfs á Suðurnesjum og á landsvísu.

Halldór Guðmundsson, rithöfundur og verkefnisstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf á vettvangi íslenskra bókmennta.

Margrét Dórothea Sigfúsdóttir skólastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskra heimilisfræða.

Ragnhildur Gísladóttir tónlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar.

Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar.

Stefán Hermannsson verkfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til borgarþróunar.

Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til nýsköpunar á sviði hugbúnaðar fyrir skóla.

#### 17. júní 2012:

Gissur Guðmundsson, matreiðslumeistari og forseti Alþjóðasamtaka matreiðslumeistara, Reykjavík, riddarakross fyrir forystu í alþjóðasamtökum matreiðslumeistara og á vettvangi íslenskra matreiðslumeistara.

Gunnar Finnsson, fyrrverandi varaframkvæmdastjóri og formaður Hollvina Grensásdeildar, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu endurhæfingar og heilbrigðismála.

Halldór Þorgils Þórðarson, tónlistarmaður og fyrrverandi skólastjóri, Búðardal, riddarakross fyrir störf í þágu tónlistar og tónlistarmenntunar í heimabyggð.

Ingibjörg Björnsdóttir, listdansari og fyrrverandi skólastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir brautryðjandastörf á vettvangi íslenskrar danslistar.

Jóhannes Einarsson, fyrrverandi skólameistari, Hafnarfirði, riddarakross fyrir störf í þágu iðnmenntunar og verknáms.

Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir ritstörf og framlag til íslenskra bókmennta.

Ólafur Haralds Wallevík prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir og þróun umhverfisvænna byggingarefna.

Sigríður Hafstað frá Tjörn, Svarfaðardal, riddarakross fyrir störf í þágu heimabyggðar, félagsmála og menningar.

Sigrún Helgadóttir, líf- og umhverfisfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til umhverfismenntunar og náttúruverndar.

Sæmundur Sigmundsson bifreiðarstjóri, Borgarnesi, riddarakross fyrir störf í þágu fólksflutninga og ferðaþjónustu.

Þórdís Bergsdóttir forstöðumaður, Seyðisfirði, riddarakross fyrir framlag til ullariðnaðar og hönnunar.

Nr. 1295/2012

**23. júlí 2012:**

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Reykjavík, stórriddarakross, fyrir störf í opinbera þágu.

**24. júlí 2012:**

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Reykjavík, stórkross, fyrir störf og forystu í málefnum þjóðkirkju og trúarlífs.

**30. júlí 2012:**

Karl Sigurbjörnsson biskup, Reykjavík, stórkross, fyrir störf og forystu í málefnum þjóðkirkju og trúarlífs.

**II. Erlendir ríkisborgarar.**

**2. ágúst 2012:**

Hermann Sausen sendiherra, Þýskalandi, stórriddarakross með stjörnu.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2013